

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps Brandsbolum



Dags eftirlits	9.9.2015	Fulltrúi UST	Helga Hreinsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Borgarfjarðarhrepps	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgarfjarðarhreppur, Hreppstofa	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Björn Skúlason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	739418,151 568593,816

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi voru staðfest. Ein ábending er gerð um að flokka betur efni sem fer í gryfju fyrir grófan úrgang, þannig að meira sé endurunnið eða endurnotað. Urðunarstaðurinn er sem áður snyrtilegur og vel hirtur.

UMFANG EFTIRLITS

Gengið og/eða ekið um urðunarstaðinn og skoðað í urðunarreinar. Reinarnar er fjórar, þ.e. fyrir lífrænan úrgang, heimilisúrgang, blandaðan grófan úrgang og fyrir seyru. Fyrstu tvær reinarnar eru hafðar vel bygðar með lokum. Garðaúrgangi er safnað á einn stað ofanjarðar.

Athygli vakti að í urðunarrein fyrir blandaðan grófan úrgang var nokkuð af ómeðhöndluðu timbri og örlítið af málmum.

Farið var yfir starfsleyfið og gengið úr skugga um að gögn svo sem magn úrgangs til urðunar árið 2014 hafi verið send til Umhverfisstofnunar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemdin varðar gryfju fyrir grófan úrgang. Málma er ekki heimilt að urða. Hvatt er til þess að flokka frá ómeðhöndlað timbur og leita ætti leiða til að endurnota eða endurnýta í stað þess að urða.

Reykjavík, 23.09.2015

Helga Hreinsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.